

	kr.	kr.
		m/30% afsl.
búnings, skoðunar og umsagnar)	33 515	23 461

1.2.4. Aðrar efnisprófanir.

Aðrar efnisprófanir en þær, sem að framan greinir, greiðast samkvæmt ákvæðum 2. greinar.

1.3. Önnur tækniþjónusta.

Ráðgjafarstörf, hæfnispróf í málmsuðu, málmsuðupjálfun og önnur áþekk þjónusta greiðist samkvæmt ákvæðum 2. greinar.

2. gr.

Gjaldskráin er miðuð við áætlaða tímabörf rannsókna og prófana. Ef um sérstæð verk er að ræða skal verðleggja rannsókn samkvæmt tímabörf hverju sinni.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt lögum nr. 41, 18. maí 1978 um Iðntæknistofnun Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá Iðntæknistofnunar Íslands sama efnis nr. 337, frá 22. sept. 1978.

Iðnaðarráðuneytið, 25. júlí 1980.

F. h. r.

Árni Þ. Árnason.

Jafet S. Ólafsson.

L Ö G R E G L U S A M Þ Y K K T

fyrir Gullbringusýslu.

I. KAFLI.

Um reglu og velsæmi á almannafæri.

1. gr.

Uppþot eða óspektir mega ekki eiga sér stað á almannafæri. Ekki mega menn þyrpast saman á almannafæri svo að til tálma sé og óþæginda fyrir umferð eða vegfarendur. Þegar talað er um almannafæri í samþykkt þessari er átt við götur, vegi og svæði, sem almenningur fer um, eða ætluð eru til almenningsafnota, svo sem hátíðarsvæði, leikvangatorg og bryggjur, svo og afgreiðslustaðir bifreiða. Um hvers kyns samkomuhús, svo sem veitingahús og leikhús, sölubúðir, opinberar skrifstofur o. s. frv. gilda ákvæði samþykktar þessarar um almannafæri, eftir því sem við á.

2. gr.

Þegar fjölmenni safnast saman á almannafæri, þar á meðal við dyr verslana, samkomuhúsa eða annars staðar, þar sem almenningur kemur saman, skal raða sér þannig, að þeir sem fyrstir koma fái fyrstir afgreiðslu. Við slík tækifæri skulu menn í öllu haga sér eftir þeim fyrirmælum, sem löggæslumaður eða umsjónarmaður setur til að varðveita góða reglu.

3. gr.

Á almannafæri má ekki fljúgast á, eða hafa í frammi hávaða eða móðgandi háttarlag, sem raskar allsherjarreglu eða ónáðar vegfarendur eða þá, sem búa í nágrenninu.

4. gr.

Bannað er að hafast nokkuð það að, sem raskar næturró manna, og enginn má að ófyrirsynju berja á dyr eða glugga, hringja dyrabjöllum eða hafast neitt það að, sem veldur ónáði.

5. gr.

Á götum þéttbýlisstaða í sýslunni má ekki renna sér á sleðum, skautum eða hjólabrettum, eða hafa um hönd aðrar skemmtanir eða leiki, sem hindra umferð eða hætta getur stafað af. Sömuleiðis er bannað að hanga aftan í vélknúnum ökutækjum, sem eru á ferð um göturnar.

6. gr.

Eigi má skjóta af byssum né neins konar skotvopnum í þéttbýli, nema á sérstökum æfingarsvæðum, sem lögreglustjóri samþykkir. Í þéttbýli má ekki kveikja í eldfimnum efnum eða sprengiefnum. Þó getur lögreglustjóri veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstaklega stendur á. Nauðsynlegar sprengingar vegna mannvirkjagerðar má aðeins gera með sérstöku samþykki lögreglustjóra, og þer bæði verktaki og sá, sem mannvirkid er unnið fyrir, ábyrgð á, að allrar varúðar sé gætt. Sprengiefni má aðeins geyma, þar sem lögreglustjóri ákveður eða samþykkir. Lögreglustjóri getur bannað sölu skotelda í umdæmi sínu. Hlaðin skotvopn má ekki bera á götum þéttbýlisstaða eða annars staðar á almannafæri.

7. gr.

Enginn má ganga dulklæddur á almannafæri eða í búningi, sem misbýður velsæmi eða getur raskað allsherjarreglu. Sömuleiðis er bannað að sýna af sér hneykslanlega hegðun, t. d. með því að ávarpa menn ókurteisislegum orðum eða með ósæmilegu látbragði, svo sem að fletta sig klæðum, gera þarfir sínar o. s. frv.

8. gr.

Allir eru skyldir að segja til nafns síns og heimilis, þegar lögreglan krefst þess.

9. gr.

Almenningi er skylt að hlýða öllum skipunum löggæslumanna. Ef nauðsyn þer til, geta löggæslumenn krafid sér til aðstoðar hvern fulltíða mann, sem viðstaddur er, en aðstoðarmenn eiga heimtingu á fullum bótum fyrir það tjón, sem þeir þá kunna að biða á fatnaði eða limum.

II. KAFLI

Ákvarðanir til að afstýra tálmunum og hættum fyrir umferðina.

10. gr.

Enginn má taka vatn úr brunahönum eða hreyfa við þeim að nokkru leyti nema hann hafi til þess leyfi slökkviliðsstjóra.

11. gr.

Atvinnurekstur, sem valdið getur töfum á umferð, er óheimill. Þó er heimill að selja blöð og bæklinga á almannafæri. Með leyfi lögreglustjóra má selja á almannafæri aðgöngumiða að útisamkomum, dagskrár, merki og annað þessu skylt. Bannað er sölumönnum að gera vart við sig með ópum, köllum eða söng frá kl. 17.00 síðdegis til kl. 9.00 árdegis.

12. gr.

Enginn má láta fyrir berast í húsum, á lóðum, í garðhliðum eða á stöðum, þar sem inn er gengið í hús eða lóð án leyfis hlutaðeigandi húsráðanda, né fara inn í híbýli í söluerindum. Lögreglustjóra er heimilt að banna alla umferð óviðkomandi fólks um bryggjur og út í skip.

13. gr.

Á almannaferi má ekki leggja eða setja neitt það, er hindrar umferð eða veldur hættu. Bannað er að leggja í íbúðarhverfum stórum vinnuvélum og bifreiðum, sem notaðar eru til fólks- eða vöruflutninga. Þó getur hreppsnefnd í samráði við lögreglustjóra veitt undanþágu frá þessari reglu, ef talið er, að slíkt leiði ekki til ónæðis eða óþæginda fyrir aðra hreppsbúa. Notkun vélsleða á götum þéttbýla í sýslunni er háð leyfi lögreglu.

14. gr.

Eigi má hengja utan á hús vöruskápa, sjálfsala, auglýsingaspjöld eða annað þess háttar, ef það veldur óþægindum á almannaferi að dómi löggæslumanna. Leyfi byggingarnefndar þarf til að setja upp föst auglýsingaspjöld eða aðrar varanlegar auglýsingar.

15. gr.

Enginn má fleygja flöskum, glerbrotum, steinum, nöglum, plastefnum eða öðrum gerfiefnum, ávaxtahýði, pappírusrusli, fiskúrgangi eða öðru þess konar á almannaferi né heldur skvetta þar vatni eða öðru, sem haft getur í för með sér hættu eða óþægindi fyrir vegfarendur eða veldur óþrifnaði, t. d. þrif bifreiða.

16. gr.

Eigi má kasta á almannaferi né í fjörum eða sjávarmáli, hræjum, dauðum fiski, matarleifum, fiskúrgangi né öðru slíku og ekki skilja neitt slíkt þar eftir. Eigi má heldur á þessum stöðum kasta né skilja eftir grjót, mól, sand, slor, ösku, járnrusl, víra, plast- og gerviefni, bréf, ávaxtahýði, úrgangssalt, eða yfirleitt nokkuð það, þótt eigi sé hér talið sérstaklega, sem valdið getur óheilnæmi, óþrifnaði, tálmunum eða óþryði. Óheimilt er að taka grjót eða sand í fjörum, nema með leyfi eiganda eða umráðamanns.

17. gr.

Enginn má gera skurð í gangstéttir, götur eða torg í sýslunni né raska þeim á nokkurn hátt, nema hann hafi til þess leyfi hreppsyrivalda og samþykki lögreglustjóra, enda setji hann aftur í samt lag það, sem raskað var. Slík verk skulu unnin þannig, að sem minnstur farartálmi sé að, og sem minnstri hættu valdi, og ætíð skal þess gætt, að vegfarendur séu varaðir við farartálmanum með nægilega greinilegum ljósum, er loga skulu frá því að dimma fer að kvöldi til þess er hjart er að morgni. Að öðru leyti gerir lögreglustjóri aðrar ráðstafanir, er honum þykir þurfa til að afstýra hættu fyrir vegfarendur. Getur hann bannað umferð um götur að nokkru eða öllu leyti, meðan á verki stendur, eða skipað fyrir um, hvernig umferðinni skuli hagað. Ef slíkt verk dregst úr hófi fram, eftir að byrjað er á því, getur lögreglustjóri látið ljúka verkinu eða setja götuna í samt lag aftur á kostnað þess, sem verkið átti að framkvæma.

18. gr.

Þegar nýtt hús er byggt eða eldra hús rifið og/eða byggt upp að nokkru leyti, er eiganda eða þeim, sem sér um verkið, skylt að skýra lögreglustjóra frá, áður en verkið byrjar. Eigandi eða verktaki skal haga sér eftir þeim fyrirmælum, sem

lögreglustjóri setur til að forðast farartálma og hættu eða óþægindi fyrir vegfarendur. Verkfæri og efni má ekki leggja frá sér á almannafæri, nema þar sem lögreglustjóri leyfir, og eigi má það liggja þar lengur en nauðsyn krefur. Mold, mól, efnisleifar og annað, er af byggingunni stafar, skal eigandinn færa burt, þegar húsagerðinni er svo langt komið, að það verði unnt. Girðingar, sem kunna að hafa verið reistar til að afstýra hættu eða farartálma, skal taka burt þegar í stað, þegar lögreglan krefst þess. Brenni hús eða annað mannvirki eða það er tekið burt án þess að annað sé gert í staðinn þá er eiganda skylt að ganga svo frá hússtæðinu, að ekki stafi hætta, óþrifnaður eða óþrýði af.

19. gr.

Pallar, stoðir og annar umbúnaður, sem notaður er við húsasmíðar eða viðgerðir á húsum, skal vera nægilega traustur. Lausir stigar, sem notaðir eru við viðgerðir á húsum, málun, gluggaþvott eða þess konar skulu vera nægilega traustir. Lausir stigar skulu ætíð felldir, þegar ekki er verið að nota þá.

20. gr.

Nú er hús svo hrörlegt, að hætt er við, að það eða einhver hluti þess hrynji, og getur lögreglustjóri þá bannað að nota húsið og lagt fyrir eigandann að rífa það innan tiltekins tíma eða endurbæta það svo, sem þörf gerist til að afstýra hættu. Enn fremur getur lögreglustjóri á kostnað eigandans gert aðrar ráðstafanir, sem hann telur nauðsynlegar til að afstýra hættu fyrir vegfarendur og aðra. Ákvæði þetta nær einnig til þess, þegar steinvegg, trévegg eða annarri girðingu liggur við hruni eða falli.

21. gr.

Ekki má skemma eða færa úr stað, eigi heldur ata eða rispa, tjarga, mála eða teikna á mannvirki og hluti, hverju nafni sem nefnast, sem ætlaðir eru til almenningsnota, svo sem hús, minnisvarða, símklefa, biðskýli, götuljósker, nafnspjöld og töluspjöld á götum og húsum, bekkir, girðingar og annað þess háttar.

22. gr.

Enginn má skemma girðingar, né heldur klifra yfir þær eða upp um þær. Enginn má skemma eða troða ræktaða bletti, grasreiti eða trjágarða, hvort sem þeir eru girtir eða ógirtir.

III. KAFLI.

Um götuspjöld, húsnumér og uppfestar auglýsingar.

23. gr.

Hreppsnefnd ákveður nöfn á götum og lætur festa upp nafnspjöld, þar sem þurfa þykir. Töluspjöldum, sem hreppsnefnd hefur látið eða lætur festa á hús til að tákna húsaröð, skulu húseigendur halda við á sinn kostnað og endurnýja, ef á þarf að halda.

24. gr.

Hreppsnefnd ákveður, hvar festa skuli upp auglýsingar frá yfirvöldum og öðrum stjórnvöldum og útvegar á kostnað sveitarsjóðs spjöld í því skyni svo mörg, sem þurfa þykir. Auglýsingar um sýningar og skemmtanir, sem leyft er að halda, má festa upp hvar sem er með samþykki hlutaðeigandi húsráðanda. Aðrar auglýsingar má festa upp með leyfi húsráðanda.

25. gr.

Hlutaðeigendur skulu taka niður uppfestar auglýsingar, þegar þær hafa náð tilgangi sínum og hreinsa vel staðinn, þar sem þær voru hafðar. Enginn má rífa niður löglega uppfestar auglýsingar eða gera þær ólæsilegar á annan hátt.

IV. KAFLI.

Um veitingahús, samkomur og almennar skemmtanir.

26. gr.

Enginn má setja upp knattborðsstofu eða leiktækjastofu nema með leyfi lögreglustjóra. Lögreglustjóri getur afnumið leyfið, telji hann ástæðu til. Unglingar undir 16 ára aldri mega ekki koma inn á knattborðsstofu og er á ábyrgð knattborðsstofuhafa, ef út af er brugðið.

27. gr.

Allir staðir, þar sem rekin er almenn veitingasala, og gististaðir fyrir almenning skulu háðir sérstöku eftirliti lögreglustjórnar, og skal lögreglunni heimill umgangur um húsakynni þau, sem notuð eru í sambandi við veitingarnar. Veitinga- og greiðasölu má aðeins hafa um hönd í húsnæði, sem að dómi heilbrigðisnefndar er til þess hæft og hreppsnefnd hefur samþykkt. Þetta ákvæði nær einnig til þeirra veitinga- og greiðasöluhúsa, sem eru eldri en þessi samþykkt. Á öllum gistihúsum skal haldin nákvæm gestaskrá.

28. gr.

Hverjum þeim sem hefur á hendi veitingasölu, heldur dansleiki og aðrar skemmtanir eða selur gistingu, er skylt að afstýra því, að nokkuð það fari fram í veitingastofu hans, danshúsi eða gistihúsi sem er á móti góðri reglu og velsæmi. Skal hann sjá um, að loftræsting og þrifnaður sé í góðu lagi. Verði misbrestur á, að reglum þessum sé fylgt, er lögreglustjóra heimilt að banna veitingar eða skemmtanir á þessum stöðum um stundarsakir eða fyrir fullt og allt, ef ekki er bætt þegar úr ágöllum að gefinni viðvörðun.

29. gr.

Unglingum yngri en 16 ára er óheimill aðgangur og dvöl á almennum dansleikjum eftir kl. 20.00 öðrum en sérstöku unglingaskemmtunum, sem haldnar eru af skólum, æskulýðsfélögum eða öðrum aðilum, sem til þess hafa leyfi og háðar eru sérstöku eftirliti. Forstöðumönnum danshúsa og dansleikja er skylt að fylgjast með því, að ákvæði þessi séu haldin að viðlögðum sektum og/eða missi leyfis til veitingahalds og skemmtanahalds um lengri eða skemmri tíma. Hvers konar þjónusta við hörn og unglunga eftir leyfilegan útivistartíma, önnur en heimflutningur, er bönnuð að viðlagðri ábyrgð þess, er þjónustuna veitir. Handhöfum þjónustuleyfa er skylt að fylgjast með því, að ákvæði þessi séu haldin. Aðgangur að dansleikjum eftir kl. 01.00 er óheimill nema þegar um áramótafagnað er að ræða.

30. gr.

Enginn má halda sjónleiki fyrir borgun, nema hann fái til þess leyfi lögreglustjóra. Leyfi lögreglustjóra þarf einnig til að halda sjónleiki borgunarlaust eða í góðgerðarskyni eða til að styrkja fyrirtæki í almanna þarfir.

31. gr.

Hver sá, sem samkvæmt framanskráðu hefur fengið leyfi til að halda sjónleik, dansleik eða einhverja þá skemmtun eða sýningu, sem talin er hér að framan, er skyldur að sjá um, að ekkert það fari fram, sem brýtur í bág við reglu eða velsæmi. Ef brestur verður á þessu, er lögreglunni heimilt að slíta samkomunni og skipa áhorfendum og öðrum, sem viðstaddir eru, að fara í burtu, eða færa þá burt.

V. KAFLI.

Um hundahald.

32. gr.

Hundahald er bannað í Gullbringusýslu nema með leyfi viðkomandi hreppsnefndar, sbr. samþykktir um hundahald í hreppunum.

33. gr.

Við brot á skilyrðum fyrir undanþágu til hundahalds skal fjarlægja viðkomandi hund. Skal hundinum komið fyrir, sé um minni háttar brot að ræða í fyrsta skipti, og skal eiganda hundsins gefinn kostur á að leysa hann þaðan út innan viku gegn greiðslu alls kostnaðar vegna brotsins.

Ef um alvarleg eða ítrekuð brot er að ræða, getur lögreglustjóri mælt með því við viðkomandi hreppsnefnd að leyfið verði afturkallað. Viðkomandi hreppsnefnd er heimilt, hvenær sem er, að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll veitt leyfi, telji hún þess þörf.

Allir leyfislausir hundar í sýslunni eru réttlausir og réttdræpir.

VI. KAFLI.

Um umferð á götum o. fl.

34. gr.

Ökuhraða skal ávallt stilla svo, að eigi valdi hættu eða óþægindum fyrir aðra umferð, og má ökuhraðinn aldrei verða meiri en í umferðarlögum segir. Lögreglustjóri getur þó ákveðið af fenginni tillögu hreppsnefndar lægri ökuhraða á einstökum götum.

35. gr.

Þeir, sem flytja vörur um götur sýslunnar, skulu gæta þess vandlega, að flutningstæki séu þannig gerð, að ekki valdi óþrifnaði. Ef eitthvað fellur af eða hrygur niður á almannafæri við flutninginn, fermingu eða affermingu, skal sá er flytur eða flutningum ræður, skyldur að hreinsa það upp þegar í stað.

36. gr.

Lögreglustjóri getur takmarkað eða bannað umferð bifreiða á einstökum götum ef slík umferð er álitin hættuleg eða til sérlegra óþæginda fyrir aðra umferð (t. d. á vorin meðan klaka leysir úr jörð). Sömuleiðis getur lögreglustjóri takmarkað umferð bifreiða í þéttbýlisstöðum sýslunnar að næturlagi.

VII. KAFLI.

Um hreinlæti og umgengni.

37. gr.

Á húshliðar, gafla eða girðingar, sem vita að almannafæri, má eigi hengja eða festa á annan hátt neitt, sem óþrifnaður er af eða óþefur. Á tún eða garða, sem liggja að almannafæri, má ekki bera nokkurn þann áburð, sem megnan varanlegan óþef leggur af.

38. gr.

Bannað er að setja upp girðingar, sem geta valdið vegfarendum hættu eða óþægindum, t. d. úr gaddavír eða öðrum slíkum efnum. Skylt er hús- og lóðareigendum að halda vel við girðingum umhverfis lóðir sínar og sjá um, að lóðunum sé haldið hreinum og snyrtilegum. Enginn má fleygja sorpi eða öðrum óhreinindum inn á

lóð annars manns eða orsaka, að þetta berist inn á lóðina. Hver, sem gerist sekur um slíkt, skal flytja óhreinindin tafarlaust burt á sinn kostnað og gera ráðstafanir til að það endurtaki sig ekki.

VIII. KAFLI

Um búfjárhald.

39. gr.

Alfugla má eigi hafa nema í tveggja metra hárrí hæsnavigirðingu eða annarri álíka girðingu, er lögreglan telur hæfa. Eigendur alifugla bera ábyrgð á, að alifuglar fari eigi inn í garða manna eða svæði, þótt ógirt séu. Nú er misbrestur á þessu, og getur lögreglustjóri þá látið slátra alifuglum á kostnað eiganda og selt, ef kostnaðurinn er ekki tafarlaust greiddur. Einnig getur lögreglustjóri látið slátra þeim alifuglum, er hann telur vanhirta eða eru til óþrifa.

40. gr.

Allur geitfénaður er bannaður í þéttbýlisstöðum sýslunnar.

41. gr.

Enga gripi má reka ógætilega um götur þéttbýlisstaða sýslunnar. Ársgömul naut eða eldri skulu ávallt leidd í nægilega traustu bandi og a.m.k. tveir menn fylgja. Lögreglustjóri getur bannað að láta naut ganga með kúm innan umdæmisins.

42. gr.

Sauðkindur mega ekki ganga lausar innan Landgræðslugirðingarinnar á Reykjaneskaga nema maður fylgi til að gæta þeirra. Eigandi greiði allan kostnað við handsömun og varðveislu þeirra. Selja má kindurnar til lúkningar kostnaði þessum.

43. gr.

Hestar mega ekki ganga lausir innan Landgræðslugirðingarinnar.

Hesta, sem ganga lausir skv. 1. mgr. skal lögreglan handsama, hýsa og fóðra. Eigandi greiði allan kostnað við handsömun og varðveislu þeirra. Selja má hrossin til lúkningar kostnaði þessum.

44. gr.

Um rekstur búpenings til afrétta, hirðingu hans og fjallskil, fer eftir ákvæðum fjallskilareglugerðar fyrir Gullbringusýslu og Hafnarfjörð eins og þau nú eru eða síðar kunna að verða.

Að öðru leyti eru allir skyldir að gæta sauðfénaðar síns, hrossa og annarra gripa s. s. húsdýra og alifugla, að ekki gangi og valdi skemmdum á varplöndum, engjum, túnnum, ökrum, húsalóðum og matjurtargörðum annarra. Bæti eigandi eða umráðamaður peningsins skaða þann, er slíkur ágangur kann að valda. Enginn má án samþykkis hreppsyfirvalda, hafa sauðfé heima í löndum þéttbýlisstaða sýslunnar á tímabilinu frá 20. maí til 20. september ár hvert, nema í fjárheldri girðingu eða svo öruggri gæslu að ágangur á land eða lóðir annarra geti ekki af hlotist.

45. gr.

Eigandi eða umráðamaður búfénaðar ber ábyrgð á öllum þeim skaða og spjöllum, sem búfé hans kann að valda.

IX. KAFLI

Um refsingar, kostnað o. fl.

46. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum, ef ekki liggur við þyngri hegning að lögum. Ef kenna má yfirsjón, er barn yngra en 15 ára drýgir, skorti á hæfilegri umsjón foreldra eða annarra, sem barninu ganga í foreldra stað, þá skal refsa þeim fyrir yfirsjónina en ekki barninu. Hagnaður sá, er sökudólgur kann að hafa af broti sínu og enginn einstaka maður á löglegt tilkall til, skal upptækur gerður og renna, auk sekta í sýslusjóð.

47. gr.

Ef einhver lætur það ógert, sem skylda hans er samkvæmt samþykktinni, má lögreglustjóri láta framkvæma það, eða gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra, að vanrækslan valdi tjóni. Sveitarsjóður greiði kostnað við þetta og kostnað, sem leiðir af þeim ráðstöfunum, sem lögreglustjóri gerir til þess að hindra brot gegn samþykktinni, en skyldur er hinn seki að endurgreiða kostnaðinn að fullu.

48. gr.

Viðkomandi sveitarsjóður greiðir allan kostnað, sem leiðir af framkvæmd á samþykkt þessari og eigi verður krafist af einstökum mönnum.

Lögreglusamþykkt þessi, sem sýslunefnd Gullbringusýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 107 8. maí 1935 um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin lögreglusamþykkt fyrir Gullbringusýslu nr. 160 14. júlí 1943.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 8. ágúst 1980.

Friðjón Þórðarson.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 348/1979 skv. lögum nr. 15/1979 um breytingu á lögum nr. 101/1966 um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

1. gr.

3. gr. orðist svo:

Innheimta skal við tollafgreiðslu sérstakt gjald af innfluttu kjarnfóðri.

Gjaldið skal vera 200% af innkaupsverði hinnar gjaldskyldu vöru. Innkaupsverð telst vera cif-verð vörunnar (tollverð) kominnar á innflutningshöfn.

Gjaldið skal lagt á fullunnar fóðurblöndur og hráefni í fóðurblöndur, sem falla undir eftirtalin tollskrárnúmer: